



BRÉF TIL BÆNDA Á VESTURLANDI

Útg.: Búnaðarsamtök Vesturlands, Hvanneyri, 311 Borgarnes, s: 437-1215, netfang: bv@bondi.is
Veffang: www.buvest.is Ábyrgðarm: Anton Torfi Bergsson

3.bréf 2018

nóvember

Kynningarfundir um hrútakost sæðingastöðvanna 2018

Fundir vegna sauðfjársæðinga 2018 verða haldnir sem hér segir:

Miðvikudaginn	21.nóv.	Hvanneyri kl. 20:30
Mánudaginn	26. nóv.	Breiðabliki, Snæfellsnesi kl. 20:30
Miðvikudaginn	28. nóv.	Grunnskólanum Reykhólum kl. 15:30
Miðvikudaginn	28. nóv.	Dalabúð, Búðardal kl 20:00
Fimmtudaginn	29. nóv.	Ásgarði , Kjós. kl. 21:00

Dagskrá: Skipulag sæðinganna, gjaldskrá, hrútakosturinn, kynbótastarfið í sauðfjarrækt o.fl.

Fundirnir eru haldnir af Búnaðarsamtökum Vesturlands í samstarfi við Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins.



Hrútaskrá verður dreift á kynningarfundum.. Einnig má nálgast skrána á heimasíðu Búnaðarsamtaka Vesturlands www.buvest.is og heimasíðu Ráðgjafarmiðstöðvar Landbúnaðarins www.rml.is . Þá mun hrútaskáin liggja frammi á skrifstofu BV hvanneyri og víðar.

Gjaldskrá vegna sauðfjársæðinga

Verð á sæði:

1-19 sæddar ær	1.050 kr./sk.
20-49 sæddar ær	900 kr./sk.
50-99 sæddar ær	780 kr./sk.
100 ær eða fleiri sæddar	725 kr./sk.
Til búnaðarsambanda	700 kr./sk.

*

Lágmarksafgreiðsla er 1 strá eða sæði í 5 ær.
Innheimt verður að lágmarki 70 % af pöntuðu sæði.
Uppgjöri skal lokið fyrir áramót. Öll verð eru án vsk.

Hrútar á Sauðfjársæðingastöð Vesturlands 2018 - 2019

Hyrndir hrútar:

Borkó 11-976 frá Bæ, Árneshreppi

Kraftur 11-947 frá Hagalandi

Malli 12-960 frá Bjarneyjarsandi

Dreki 13-953 frá Hriflu

Spakur 14-801 frá Oddsstöðum

Bergsson 14-986 frá Valdasteinsstöðum

Angi 15-802 frá Klifmýri

Raxi 15-807 frá Árbæjarhjáleigu

Mávur 15-990 frá Mávahlíð

Óðinn 15-992 frá Skörðum

Fáfnir 16-995 frá Mýrum 2

Glæpon 17-809 frá Hesti

Köggull 17-810 frá Hesti

Kollóttir hrútar:

Brúsi 12-970 frá Kollsá

Ebiti 13-971 frá Melum

Molli 13-981 frá Heydalsá

Reykur 14-812 frá Árbæ

Plútó 14-973 frá Heydalsá

Guðni 17-814 frá Miðdalsgröf

Forystuhrútur:

Nikulás 15-977 frá Gunnarsstöðum.

Feldfjárhrútur:

Melur 12-978 frá Melhól

Sauðfjársæðingar 2018

Útsendingar á sæði frá stöðinni verða í alls 20 daga og munu byrja **3. desember og standa til 21. desember**. Pantanir þurfa að berast fyrir kl 21:00 daginn fyrir sæðingu. Panta skal í pöntunarformi sem aðgengilegt er á www.buvest.is einnig er hægt að panta í síma 437-1215, pantanir í síma verða að berast á skrifstofu BV í síðasta lagi fyrir kl. 16:00 síðasta virka dag fyrir sæðingu.

Almennt skal miða við að lágmarks afgreiðsla frá stöðinni sé sæði í 5 ær eða 1 strá.

Undantekning frá þessu er afgreiðsla á sæði úr forystuhrút. Um annað þarf að semja sérstaklega. Nauðsynlegt er að nefna a.m.k. einn hrút til vara.

Allar breytingar á pöntunum þurfa að berast fyrir kl. 9:00 að morgni sæðingadags á netfangið bv@bondi.is, eða í síma 892-0517.

Reiknað er með að bændur sæði sjálfir eða í samvinnu við aðra, enda hafi viðkomandi sótt námskeið um sauðfjársæðingar.

Dreifing sæðis verður með svipuðum hætti og á síðasta ári og verða ferðir frjótækna í nautgripasæðingum notaðar eftir því sem hægt verður hverju sinni.

- Afgreiðsla á sæði verður frá hrútaskið milli kl. 10:00 og 11:30, eftir þann tíma verður farið með alla sæðisbrúsa á Olís í Borgarnesi, nema um annað sé samið við pöntun. Tónum brúsum skal einnig skila á Olís en þar verður merktur kassi sérstaklega fyrir brúsana.
- Sunnan Hvalfjarðar verða auk ferða frjótækna nýttar ferðir til Reykjavíkur samhliða flugsendingum.
- Á Snæfellsnesi verða sæðisbrúsar skildir eftir á Fáskrúðarbakka og í Haukatungu hjá Ásbirni.
- Sæðisbrúsar sem fara í Dalina verða skildir eftir í merktum kassa í Kjörbúðinni í Búðardal. Tónum brúsum skal skila á sömu staði.
- Ekið verður með sæði í Saurbæ dagana 17. – 21. desember.
- Dreifing sæðis í Ísafjarðarsýslur og V-Barðastrandarsýslu er með flugi, Baldri eða öðrum tryggum hætti eftir því sem veður leyfir.

Í hrútaskránni eru góðar leiðbeiningar um sauðfjársæðingar og er bændum bent á að lesa þær vel.

Munið að panta tímanlega á
www.buvest.is

Panta sauðfjársæði

Starfsemi á skrifstofu BV um jól og áramót

27.- 28. desember verður einhver viðvera, ef um áriðandi erindi er að ræða, þá er hægt að senda tölvupóst á atb@bondi.is eða hringja í síma 892-0517

31. desember - LOKAÐ

Nautgripasæðingar um jól og áramót

Vinna við nautgripasæðingar verður sem hér segir:

25. desember - Jóladagur - **LOKAÐ**.

1. janúar – Nýársdagur - **LOKAÐ**.

Aðra daga er opið samkvæmt venju og panta skal sæðingu fyrir kl. **09:30 í talhólf 871-5845**.

Aðstaða frjótækna

Enn og aftur viljum við benda kúabændum á að aðstaða frjótækna við nautgripasæðingar er víða ekki nógu góð. Það er hagur bæði bænda og frjótækna að ekki þurfi að eltast við kúr eða kvígur um allt hús þegar frjótæknir kemur. Vinsamlegast gerið úrbætur þar sem þörf er.

Námskeið í sauðfjársæðingum

Sauðfjársæðinganámskeið verður haldið að Hesti í Borgarfirði mánudaginn 26. nóvember nk. kl. 13:00 -18:00.

Skráning fer fram hjá Lbhí í síma 433-5000/433-5033 og/eða á www.lbhi.is/namskeid



Rekstur Búnaðarsamtakanna:

Eins og flestum er kunnugt gekk rekstur Búnaðarsamtakanna ekki vel á síðasta ári og var árið gert upp með um 10 milljóna króna tapi. Það var stórt en nauðsynlegt verkefni að snúa þeirri stöðu við og að því hefur verið unnið allt þetta ár og útlitið nú mun betra en á sama tíma fyrir ári.

Félagsmenn og viðskiptavinir hafa vissulega fundið fyrir þessu í hækkunum á þjónustu en einnig hefur tekist að lækka launakostnað þótt launahækkun hafi orðið á árinu. Enn eru þó eftir tveir mánuðir af árinu og eftir að sjá hvað sauðfjársæðingar verða miklar og hvort sú starfsemi stendur undir sér. Klaufskurður er á fullu þessa dagana og var ráðinn maður frá Svíþjóð í mánaðartíma til að sinna því, hann kom 1. nóv og fer aftur 1. desember.